



Reykjavík, 28. maí 2025
SFS25050077

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Endurnýjun samnings um samstarf Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs á sviði starfspróunar, rannsókna og nýsköpunar menntamála

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. maí 2025 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 15. maí 2025, um endurnýjun samnings um samstarf Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs á sviði starfspróunar, rannsókna og nýsköpunar menntamála ásamt drögum að samningi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samstarf skóla- og frístundasviðs og Háskóla Íslands á sviði menntamála styðst við fagleg rök og getur haft í för með sér margvíslegan ávinning. Á hinn bóginn minna skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins á mikilvægi þess að mælingar á árangri nemenda í grunnskólum borgarinnar sé samræmdur og að grunnskólakerfi borgarinnar taki mið af því að nemendur nái tilteknum árangri í kjarnafögum en sem dæmi gefa vísbendingar úr Pisa-könnunum til kynna að stór hluti nemenda við útskrift úr grunnskóla hafi ekki grunnfærni í lestri.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Minnisblað, dags. 26. maí 2025
Drög að samningi



Reykjavík



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 15.05.2025

SFS25050077

MINNISBLAÐ

Endurnýjun samstarfssamnings við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Lagt er til að endurnýja samstarfssamning skóla- og frístundasviðs (SFS) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS) til þriggja ára, frá 1. júní 2025 til 31. maí 2028. Markmið samningsins er að styrkja og þróa samstarf á sviði starfsþróunar, rannsókna og nýsköpunar í þágu menntunar í Reykjavík.

Með samningnum er samstarfið endurnýjað í þriðja sinn en samstarfið hófst árið 2019.

Helstu efnisatriði samningsins:

- **Samstarf um starfsþróun** með áherslu á innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur 2025–2027. Skipulögð verða fjölbreytt fræðslutilboð í samræmi við áherslur stefnunnar um farsæld og inngildingu, læsi og stafræna umbreytingu.
- **Sameiginlegur verkefnastjóri** (í 50% stöðugildi) verður staðsettur hjá NýMennt á MVS og sér hann m.a. um eftirfylgni með aðgerðaráætlun, utanumhald starfsþróunar og skýrsluskil.
- **Samstarf um rannsóknir og nýsköpun**, þar á meðal Menntastefnumót, stuðningur við samfélagslega nýsköpun, stefnumótun og aukin tenging við háskólasamfélag og nýsköpunargeira.
- **Mixtúra**, tækniver SFS, hefur aðstöðu í húsnæði MVS og tekur þátt í samstarfi í sköpunarsmiðju í Sögu þar sem lögð er áhersla á STEAM-menntun og upplifanir barna.
- **Sameining eldri samninga** um Nýsköpunarstofu menntunar og aðstöðu Mixtúru í Stakkahlíð inn í nýjan samning til að tryggja heildstæða nálgun og aukna samlegð.
- **Aðgerðaráætlun** verður unnin fyrir hvert ár samningsins og verkefnastjórn fundar reglulega til að tryggja framkvæmd.

Kostnaðarskipting og fjárhagslegt framlag

Heildarkostnaður Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á ársgrundvelli er 11.600.000 kr. og skiptist með eftirfarandi hætti:

- Sameiginlegur verkefnastjóri: 6.000.000 kr.
- Verkefni Nýsköpunarstofu Menntunar: 3.000.000 kr.
- Viðbóttarráðgjöf og leiðsögn, stofuleiga o.fl.: 2.000.000 kr.
- Aðstaða Búnaðarbanka og skrifstofuaðgengi Mixtúru: 600.000 kr.



Reykjavík



Greiðslur fara fram tvisvar á ári samkvæmt reikningi frá Háskóla Íslands.

Ávinningur samstarfsins

Samningurinn hefur reynst lykilstoð í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og styður við framsækna þróun í menntamálum borgarinnar. Hann skapar tengingu milli vettvangs og fræðasamfélags og hefur gert mögulegt að byggja upp öflugt samstarf sem nýtist bæði starfsfólki borgarinnar og nemendum í kennaranámi.

Tillaga

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að gengið verði frá endurnýjuðum samstarfssamningi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í samræmi við framlögð drög og með fyrirvara um fjárheimildir hverju sinni samkvæmt fjárhagsáætlun borgarinnar.



Reykjavík

Samningur um samstarf Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, og Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, gera með sér neðangreindan samstarfssamning. Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands annast framkvæmd samningsins fyrir Háskóla Íslands og Skóla- og frístundasvið (SFS) fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

1. gr. – Tilgangur og markmið

Tilgangur samningsins er að efla samstarf Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á sviði starfsþróunar, rannsókna og nýsköpunar menntamála.

Markmið samningsins eru eftirfarandi:

- Að styðja við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ og almennra aðgerða hennar fyrir tímabilið 2025–2027.
- Tengja starfsemi Mixtúru og annarra starfsstaða SFS við vettvangsnám nemenda og kennslu á MVS. Markmiðið er að samþætta vettvang skóla- og frístundastarfs, skólapjónustu og fræðasamfélags, ásamt því að efla framþróun náms- og kennsluhátta. Þannig er stuðlað að mikilvægri kennsluþróun, starfsþróun og nýsköpun í menntun, nýsköpunarmennt og almennri vísindamiðlun.
- Ná fram samlegðaráhrifum í starfsþróun og öðrum verkefnum sem samningsaðilar koma að og/eða sjá um.
- Að kynna tækifæri til náms við MVS og stuðla að fjölbreyttri starfsþróun sem styrkir hæfni starfsfólks SFS í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi.
- Að tengja saman vettvang, skólapjónustu og fræðasamfélag, veita frumkvöðlum og atvinnulífi öflugt tengslanet og styðja við lærdómssamfélög.
- Að horfa til framtíðar og styðja margvíslegt þróunarstarf og nýsköpun í menntakerfinu með ráðgjöf og faglegri leiðsögn.
- Að styðja við rannsóknir og miðlun fyrirmynda.

2. gr. – Lykilaðilar í samstarfinu

Þessi samstarfssamningur var upphaflega gerður 2019 og endurnýjaður 2022. Til að styrkja enn frekar núverandi samstarf og tryggja aukna samlegð verkefna er samningur um **Nýsköpunarstofu menntunar** (frá 2022) og samkomulag um aðstöðu og þjónustu **Mixtúru** í Stakkahlíð (frá 2022) felld inn í þessa þriðju endurnýjun samningsins.

Lykilaðilar frá Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða skóla- og frístundapjónustu í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum og fleiri stofnunum í öllum hverfum borgarinnar. Starfsstaðir sviðsins eru um 170, þar starfa um 6.100 starfsmenn með rúmlegar 20.000 börnum.

- **Nýsköpunarmiðja Menntamála (NýMið)** hefur það hlutverk að veita starfsstöðum SFS stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar, stuðla að samstarfi við háskóla um starfsþróun og veita stuðning við þróun og nýsköpun.
- **Mixtúra, sköpunar- og tækniver SFS** styður við notkun markvissrar, ábyrgrar og framsækkinnar tækni og miðlun fyrirmynda í skóla- og frístundastarfi. Í Mixtúru er Búnaðarbanki SFS með fjölbreyttum náms- og kennslugögnum og sköpunar- og tæknismiðja. Frá apríl 2022 hefur Mixtúra verið til húsa á MVS í Stakkahlíð.
- **Starfsþróunarhópur SFS** hefur það hlutverk að samræma og tryggja yfirsýn yfir starfsþróun á vegum skrifstofu SFS. Í honum eru fulltrúar frá leikskóla-, grunnskóla- og frístundaskrifstofum, NýMið, Miðju máls og læsis, Mixtúru og mannauðsdeild.

Lykilaðilar frá Háskóla Íslands:

Menntavísindasvið gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki með menntun m.a. leik-, grunn- og framhaldsskólakennara, þroskajálfa, tómstundafræðinga, íþróttar- og heilsufræðinga og uppeldis- og menntunarfræðinga. Jafnframt er boðið upp á alþjóðlegt nám í menntunarfræði og diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun.

- **NýMennt - Nýsköpun og menntasamfélag á Menntavísindasviði**, vinnur að margvíslegri samfélagslegri nýsköpun og starfsþróun í nánú samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélög, menntastofnanir og aðra hagaðila með farsæld barna að leiðarljósi.
- **Nýsköpunarstofa menntunar** er vettvangur með sérstaka stjórn, sem í þágu menntunar nýtir rannsóknir til að styðja við menntatækniþróun og frumkvöðlastarf, auka þekkingu á stafrænum námsgögnum og nýsköpun meðal kennaranema, starfandi kennara og stefnumótenda í menntakerfinu.

3. gr. – Aðgerðaráætlun

Unnin verður aðgerðaráætlun til þriggja ára um eftirfarandi forgangsverkefni.

a. Samstarf um nám og starfsþróun

- Kynna möguleika til náms, námsleyfa og starfsþróunar með reglubundnum hætti.
- Standa fyrir fjölbreyttri starfsþróun með áherslu á almennar aðgerðir Menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027, þar sem þrjár megináherslur eru farsæld og inngilding, læsi í víðum skilningi og stafræn umbreyting.

- Hafa milligöngu um faglega leiðsögn, ráðgjöf og/eða sérsniðna fræðslu frá MVS sem starfstaðir SFS geta fengið með tilfallandi kostnaði.
- Miðla tækifærum til verkefnavinnu og náms á vettvangi SFS.
- Undirbúa og vinna saman að Menntastefnumóti í Reykjavík 2027.

b. Samstarf um rannsóknir og nýsköpun

- Kynna samninginn og tækifæri til samstarfs um rannsóknir milli fræðafólks Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar með áherslu á innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur og fjölbreytt starfi á vettvangi.
- Boða árlega til stefnumóts í tengslum við þróunar- og nýsköpunarsjóðinn „Látum draumana rætast“ þar sem kynnt eru mikilvæg viðfangsefni á sviði menntunar sem krefjast úrlausna og rannsókna.
- Styðja við samfélagslega nýsköpun, tengja saman frumkvöðla í menntun og rækta farveg fyrir lærdóms-, umbóta- og starfssamfélög.
- Efla tengslanetið innan nýsköpunargeirans og háskólasamfélags og stuðla að því að fleiri taki þátt í og hafi áhrif á heilbriggt og sjálfbært nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í menntakerfinu.
- Auka stafræna hæfni og notkun starfsfólks SFS á nýsköpunar- og menntatæknilausnum.
- Samnýta aðstöðu og búnað og byggja saman upp starfsemi í sköpunarsmiðju í Sögu með sérstakri áherslu á STEAM-menntun, fjölbreyttar upplifanir, viðburði og miðlun fyrirmynda.
- Horfa til tækifæra til eflingar starfseminnar, s.s. með sameiginlegum umsóknum, samstarfi við Verk- og náttúrufræðisvið Háskóla Íslands (VON) í sköpunarsmiðju og annarra tækifæra sem liggja í uppbyggingu í kringum Sögu sem er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviðs og snýr t.d. að uppbyggingu Vísindaheima í Háskólabíó.

4. gr. – Verkefnastjórnun

Í **verkefnastjórn** sem fundar 3-4 sinnum á önnur sitja fulltrúar frá NýMennt, Nýsköpunar--stofu og Mixtúru auk fulltrúa frá NýMið.

Sameiginlegur verkefnastjóri, staðsettur hjá NýMennt, fylgir eftir aðgerðaráætlun með samstarfsaðilum, heldur utan um starfsþróunartilboð með starfsþróunarhópi SFS, vinnur í sköpunarsmiðju og sér um skýrsluskil til samningsaðila í lok hvers skólaárs.

5. gr. – Framlag samningsaðila

Framlag Reykjavíkurborgar:

- Á vegum Mixtúru verður lögð áhersla á miðlun fyrirmynda, ráðgjöf, upplifanir og kynningar í sköpunarsmiðju eins og svigrúm leyfir.
- Aðgengi starfsfólks MVS og nema í verkefnavinnu á vegum starfsfólks að náms- og kennslugögnum í Búnaðarbanka SFS.
- Aðgengi að aðstöðu og búnaði í sköpunarsmiðju verður skv. samkomulagi samstarfsaðila á hverjum tíma.
- MVS getur óskað eftir innkomu Mixtúru í kennslu námskeiða og móttöku hópa í sköpunarsmiðju samkvæmt nánara samkomulagi.
- Reykjavíkurborg tilnefnir fulltrúa í stjórn Nýsköpunarstofu Menntunar.
- Fjármögnun til verkefnastjórnar Nýsköpunarstofu Menntunar og sameiginlegs verkefnastjóra hjá NýMennt sem sinna verkefnum.
- Greiðslur fyrir viðbótarráðgjöf og leiðsögn, leigu á stofum, aðstöðu Mixtúru og önnur tilfallandi verkefni (s.s. menntastefnumót) samþykktar af fulltrúum SFS í verkefnahópi.

Framlag Háskóla Íslands:

- Verkefnistjórn Nýsköpunarstofu Menntunar, kr. **3.000.000**.
- Verkefnastjórnun starfsþróunar, kr. **2.000.000**.
- Stuðningur annarra verkefnisstjóra NýMenntar, kennara og annarra á MVS
- Tekur þátt í kostnaði vegna húsnæðis sköpunarvers í Sögu. Unnið verður að sérstöku samkomulagi vegna sameiginlegrar starfsemi Mixtúru, MVS og VON á 1. hæð í Sögu og kostnaði þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að það samkomulag verði viðauki við þennan samning og að samráð því tengt fari fram fyrir lok árs 2025.
- Veitir aðstöðu fyrir Mixtúru á deilaborðum í opnu skrifstofurými og Búnaðarbanka SFS
- Mixtúra hefur aðgengi að öðru húsnæði skv. nánara samkomulagi (s.s. kennslustofum, opnum rýmum, stúdíó, upptökuklefa).
- Samstarf um upplifanir, viðburði og starfsemi sköpunarsmiðju.
- Leggur áherslu á að gera starfsemi SFS sýnilega innan sviðsins og kynna samstarfsmöguleika fyrir nemendum.
- Tryggir faglegt utanumhald og gæði námskeiða í samstarfi við SFS.
- Tryggir aðkomu sameiginlegs verkefnastjóra frá NýMennt sem styður við og fylgir eftir verkefnum þessa samnings.

6. gr. – Kostnaður skóla- og frístundasviðs

Samtals kr. **11.600.000** á ársgrundvelli, þ.m.t. húслеiga Mixtúru sem skiptist þannig:

- Sameiginlegur verkefnastjóri, í 50% starfi, staðsettur hjá NýMennt, kr. **6.000.000**
- Verkefni Nýsköpunarstofu Menntunar, kr. **3.000.000**
- Viðbóttarráðgjöf sérfræðinga til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi (á 19.000 kr. fyrir 40 mínútur), leiga á stofum (skv. gjaldskrá HÍ https://www.hi.is/haskolinn/utleiga_a_stofum) og tilfallandi verkefni, kr. **2.000.000**
- Leiga á húsnæði vegna Mixtúru tækni- og sköpunarvers mun haldast óbreytt út árið 2025. Unnið verður að sérstöku samkomulagi vegna sameiginlegrar starfsemi Mixtúru, MVS og VON á 1. hæð í Sögu og kostnaði þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að það samkomulag verði viðauki við þennan samning og að samráð því tengt fari fram fyrir lok árs 2025.
- Aðstaða Búnaðarbanka SFS og skrifstofuaðgengi Mixtúru, kr. **600.000.**

Reykjavíkurborg greiðir samtals 11,6 m.kr. á ári til Háskóla Íslands. Þetta skal greitt tvisvar á ári samkvæmt reikningi frá Háskóla Íslands.

Auk þess greiðir Reykjavíkurborg mánaðarlegt gjald upplýsingatækisviðs fyrir hvern starfsmann Reykjavíkurborgar með aðsetur í Sögu vegna tölvu- og netþjónustu (ADSL-notkun og fastagjald) og símakostnað komi hann til (fastagjald og símanotkun).

8. gr. – Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu hverju starfsári skal verkefnastjóri skila Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg skýrslu um samstarfið ásamt greinargerð um ráðstöfun fjárframlaga. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí 2026 fyrir starfsárið 2025-2026 og 1. maí 2027 fyrir starfsárið 2026-2027. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

9. gr. – Gildistími og uppsögn

Samningurinn gildir frá 1. júní 2025 og til 31. maí 2028 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Aðilar skulu fyrir 1. mars 2028 ákveða sameiginlega hvort samningur þessi skuli endurnýjaður. Gerður er fyrirvari af hálfu SFS um að fjárveitingar SFS eru ákveðnar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með fjögurra mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðarmót.

10. gr. – Reglur, vanefndir og varnarþing o.fl.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, sjá fylgiskjal II við samning þennan og skal geta þess í kynningarefni MVS að fræðasviðið njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Aðilar samkomulagsins áskilja sér rétt til að rifta samningi þessum ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu hins aðilans. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

Óheimilt er að framselja skyldur samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar. Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.